



18. febrúar 2013

Skrifstofa æskulýðsmála – drög að sumarstörfum

Vinnuskóli Hafnarfjarðar

Vinnutími ungmenna 14 – 17 ára

Sumarið 2013 munu unglingar á aldrinum 14 – 16 ára (fæddir 1999, 1998 og 1997 / 8. bekkur, 9. bekkur og 10. bekkur) starfa í samtals 24 daga eða frá 10. Júní – 18. Júlí. Unnið er fyrir hádegi aðra vikuna og eftir hádegi hina frá 9.00 – 12.00 og frá 13.00 – 16.00. Samtals starfa ungmennin í 6 vikur og skila 12 vinnustundum pr. viku. Unnið er frá mánudegi til föstudags – ekki á föstudögum utan fötudaginn 5. Júlí en þá verður haldin sumarhátíð ÍTH. Samtals vinna ungmenni á þessum aldri 72 vinnustundir hver starfsmaður.

Sumarið 2013 er stefnt að því að öllum 17 ára íbúum Hafnarfjarðar (fædd 1996) verði tryggð vinna yfir sumartímann. Taka skal fram að vinnutími hvað þennan árgang varðar getur verið breytilegur og munu starfsmenn hefja störf frá því upp úr miðjum maí og út júní. Þannig nýtist hluti starfsmanna einnig inn í ágúst mánuð. Áhersla verður lögð á að bjóða þessum hóp upp á fjölbreytt verkefni m.a. annars í samstarfi við ýmsar stofnanir bæjarins og íþrótt- og æskulýðsfélög. Hver starfsmaður fær tækifæri til að vinna alls 120 vinnustundir.

Skrifstofa æskulýðsmála EBM, RRM, AG, DJ